

Fundargerð – Fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:

Í Perlunni, 24. ágúst 2021

Mættar:

Lena Viderø, formaður
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi
Hallfríður (Halla) Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi (kom seinna)

Fjarstödd:

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi
Reynir Ingi Finnsson, varaformaður (á ekki lengur barn í Hlíðaskóla)

Dagskrá:

- Nýir starfsmenn
- Haushátíð – hvenær og hvernig?
- Fræðsla
- Aðalfundur
- Sund
- Jafningjafræðsla

Nýir starfsmenn

Rætt var um nýja starfsmenn. Þórey er hætt sem námsráðgjafi og Eva Hlín Samúelsdóttir hefur tekið við. Guðrún Björg Ragnarsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri fyrir yngsta stig og hefur þegar látið til sín taka (birtir myndir af óskilamunum, t.d.).

Hausthátíð

Ákveðið var að halda hausthátíð í einhverju formi, e.t.v í smærri hópum. Útfærsla og dagsetning verða ákveðin á föstudaginn þegar kemur í ljós hvernig takmarkanir verða.

Litlu hátíðirnar í vor heppnuðust vel og nánast allir bekkir héldu hátíð. Áhugi er fyrir því að bjóða upp á aukastyrk til að gera slíkt aftur.

Fræðsla

Það er ekki kominn nýr tengiliður í staðinn fyrir Aðalheiði. Kennarar voru í sumarfrí og það gæti hafa gleymst í skólaundirbúningi. Fræðslunefnd sendir Berglindi annan póst.

Aðalfundur

Halda skal aðalfund í september og tilkynna hann með tveggja vikna fyrirvara skv. samþykktum. Ákveðið var að halda hann 21. september og athuga hvort við getum fengið að vera inni í skólanum. Lena ræðir það við Berglindi. Fundurinn verður einnig sendur út rafrænt. Þorbjörg ætlar að kynna sér tæknimál. Annars gæti Sigurhanna e.t.v. aðstoðað.

Margir úr núverandi stjórn ætla ekki að sitja áfram og því þarf að óska eftir nýju fólki. Það vex mörgum í augum að vera í stjórn. Hugmynd kom upp um að gera meira úr nefndum og óska eftir fólki til að taka að sér ákveðin málefni, t.d. mótuneyti, fræðslu, föndur, skólalóð, umhverfismál, umferðarmál, foreldrarölt, skólasund, frístundarútu í önnur hverfi, bækur og lestur og einnig kalla eftir hugmyndum. Einnig ætla allir að hafa samband við öflugt fólk sem við þekkjum og gæti haft áhuga á því að vera í stjórn.

Senda á bréf til að bjóða fólk velkomið í skólann og minnst þá á aðalfundinn. Formlegt fundarboð með nánari upplýsingum kemur síðar (a.m.k. viku fyrir aðalfund).

Sund

Rætt var um tímasetningu skólasunds og skort á áhuga í eldri bekkjum. Sund er oft síðasti tíminn á mánudögum og fáir mæta. Illa gekk að ræða endurskipulagningu skólasunds með sundkennurum á skólaráðsfundi síðasta vetur.

Jafningjafræðsla

Minnst var á fyrirkomulag jafningjafræðslu í Japan, þar sem nemendur vinna saman í hópum og þeir sem eru góðir í ákveðnu fagi kenna hinum.

Lena bætir við drög að skýrslu fyrir síðasta skólaár og sendir áfram. Ekki gafst tími til að ræða drög að dagskrá skólaársins.

Fundi slitið.